

Textíll og misskipting í heiminum

Þrýstingur á að halda framleiðslukostnaði í lágmarki hefur haft það í för með sér að textíl framleiðsla færist frá **ríkari** löndum til **fátækari**. Þar er oft á tíðum minna um **regluverk** til verndar starfsfólks og umhverfis. Hin svokallaða **skynditíska** hefur gert ástandið enn verra, enda fylgir henni krafa um mikinn vinnuhraða og lágt vöruverð. **Vinnuaðstæður** eru í mörgum tilfellum **óboðlegar** og aðstæður **heilsuspillandi**. Verkafólki sem starfar í iðnaðinum er hættara við **kynferðislegu ofbeldi**, sér í lagi konum. Ástandið er sérstaklega alvarlegt í **frumframleiðslu** textílsins, og þá verst í framleiðslu bómullar. Fátækari þjóðir eru því að ganga á **auðlindir** sínar, og andlega og líkamlega **heilsu** borgara sinna sem starfa í textíliðnaði til þess að fólk frá ríkari þjóðum geti keypt sér meira af textíl á **lægra** verði. Að auki hefur iðnaðurinn í heild sinni **neikvæð** áhrif á loftslagið og vistkerfi jarðar, en það bitnar ekki síst á **efna- og valdaminni** hópum í samfélaginu.

Texti: Textíll og jafnrétti | Saman gegn sóun

Vald og ábyrgð

Frá hverjum kemur þrýstingurinn að halda niði framleiðslukostnaði?

Hverjir hagnast á skynditískunni og lágu vöruverði?

Hversu mikil áhrif hafa ríkari þjóðir á líf fólks í fátækari löndum sem framleiða textíl?

Vinnuaðstæður og réttindi

Hvers konar hættur og áskoranir fylgja starfi í textílframleiðslu?

Hvers vegna eru konur í iðnaðinum sérstaklega útsettar fyrir kynferðislegu ofbeldi?

Hversu skýr eru lög og reglur til staðar til að vernda starfsfólk í þessum fátækari löndum?

Umhverfis- og loftslagsáhrif

Hvaða áhrif hefur bómullar- og textílframleiðsla á umhverfið?

Hvernig tengist neysla okkar loftslagsbreytingum?

Ójafnrétti og samfélagsleg áhrif

Hvers vegna endar ávinningurinn af lágu verði frekar hjá ríkari þjóðum en hjá þeim sem framleiða fatnaðinn?

Hversu réttlátt er að auðlindir fátækari ríkja séu nýttar til að uppfylla neyslu ríkari þjóðar?

Lausnir

Hvað getum við sem einstaklingar gert? Komið með þrjú dæmi

Hvað geta valdhafar gert? Komið með þrjú dæmi